

Gjalddagi landsútsvara, sem lögð eru á heildarsölu ársins 1961, skal vera 31. des. 1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 28. apríl 1962 um tekjustofna sveitarfélaga, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í félagsmálaráðuneytinu, 5. nóv. 1962.

Gunnar Thoroddsen.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

um skipulag í Bessastaðahreppi.

Eftir beiðni hreppsnefndar Bessastaðahrepps í Gullbringusýslu og tillögu skipulagsstjóra ríkisins, hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 55/1921, ákveðið, að lög nr. 55/1921 skuli taka til byggingarlóða í Bessastaðahreppi.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. nóv. 1962.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Staðahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Fasteignaskatt í Staðahreppi skal innheimta með 100% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. nóvember 1962.

Gunnar Thoroddsen.

Hjálmar Vilhjálmsson.